



Samandreginn
árshlutareikningur
1. janúar til 30. júní 2012

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Kt. 580804-2410

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu, efnahagsreikningi, eiginfjárfirliti, sjóðstreymisfirliti, auk upplýsinga um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu 235,6 millj. kr. Eigið fé félagsins í lok tímabilsins var 12.697,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutfé í lok júní 2012 skiptist á fjóra hluthafa, en þeir eru:

	Eignarhlutur
Landsvirkjun	64,73%
Rarik ohf.	22,51%
Orkuveita Reykjavíkur	6,78%
Orkubú Vestfjarða ohf.	5,98%

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2012 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2012.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. hafa í dag rætt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2012 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 9. ágúst 2012.

Stjórn félagsins:

Geir A. Gunnlaugsson
Svana Helen Björnsdóttir
Ómar Benediktsson

Forstjóri:

Þórður Guðmundsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landsnets hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Landsnets hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2012 sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirsögnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 *Árshlutareikningar*.

Reykjavík, 9. ágúst 2012.

KPMG ehf.

Sæmundur Valdimarsson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2012

	Skýr.	1.1.-30.6.2012	1.1.-30.6.2011
Rekstrartekjur			
Tekjur af raforkuflutningi	6	6.108.687	6.013.872
Aðrar tekjur	7	49.293	29.503
		<u>6.157.980</u>	<u>6.043.375</u>
Rekstrargjöld			
Orkukaup og kerfisþjónusta	8	644.746	680.920
Rekstur flutningskerfis	9,10	1.712.857	1.606.398
Kerfisstjórn	9,10	474.385	407.706
Annar rekstrarkostnaður	9,10	379.856	351.817
		<u>3.211.844</u>	<u>3.046.841</u>
Rekstrarhagnaður		2.946.136	2.996.534
Fjármunatekjur		102.299	41.767
Fjármagnsgjöld		(2.749.448)	(3.206.332)
Hrein fjármagnsgjöld	11	(2.647.149)	(3.164.565)
Áhrif hlutdeildarféлага	16	(4.506)	2.324
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		294.481	(165.707)
Tekjuskattur	12	(58.896)	33.141
Hagnaður (tap) og heildarhagnaður (-tap) tímabilsins		<u>235.585</u>	<u>(132.566)</u>
Hagnaður (tap) á hlut			
Grunnhagnaður (-tap) og þynntur hagn. (tap) á hverja krónu hlutfjár	21	0,04	(0,02)

Skýringar nr. 1 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Efnahagsreikningur 30. júní 2012

Eignir	Skýr.	30.6.2012	31.12.2011
Rekstrarfjármunir	13	59.263.068	60.187.407
Flutningsvirki í byggingu	13	909.102	276.275
Óefnislegar eignir	14	1.312.170	1.275.937
Eignarhlutur í dótturfélagi	15	500	500
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	16	670.722	676.777
Langtímakröfur		25.149	34.929
Fastafjármunir		<u>62.180.711</u>	<u>62.451.825</u>
Birgðir	17	491.260	490.949
Viðskiptakröfur á móðurfélag	31	549.372	578.827
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	18	750.621	646.425
Handbært fé	19	8.122.386	10.510.666
Veltufjármunir		<u>9.913.639</u>	<u>12.226.867</u>
Eignir samtals		<u><u>72.094.350</u></u>	<u><u>74.678.692</u></u>
Eigið fé			
Hlutafé	20	5.902.733	5.902.733
Endurmatsreikningur		12.008.876	12.293.653
Ójafnað eigið fé		(5.214.142)	(5.734.504)
Eigið fé		<u>12.697.467</u>	<u>12.461.882</u>
Skuldir			
Skuldir við móðurfélag	22	42.261.177	40.828.055
Aðrar vaxtaberandi langtímaskuldir	22	12.101.289	12.319.241
Tekjuskattsskuldbinding	23	1.666.509	1.607.613
Niðurrifsskuldbinding	24	714.900	696.081
Fyrirframinnheimtar tekjur	25	125.583	129.008
Langtímaskuldir og skuldbindingar		<u>56.869.458</u>	<u>55.579.998</u>
Skuldir við móðurfélag	22	497.200	1.347.270
Næsta árs afborganir	22	911.553	4.073.121
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	27	1.118.672	1.216.421
Skammtímaskuldir		<u>2.527.425</u>	<u>6.636.812</u>
Skuldir samtals		<u>59.396.883</u>	<u>62.216.810</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>72.094.350</u></u>	<u><u>74.678.692</u></u>

Skýringar nr. 1 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2012

	Hlutafé	Endurmats- reikningur	Ójafnað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2011:				
Eigið fé 1. janúar 2011.....	5.902.733	12.863.228	(7.143.909)	11.622.052
Heildartap tímabilsins.....			(132.566)	(132.566)
Upplausn endurmats fært á ójafnað eigið fé.....		(284.787)	284.787	0
Eigið fé 30. júní 2011.....	<u>5.902.733</u>	<u>12.578.441</u>	<u>(6.991.688)</u>	<u>11.489.486</u>
Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2012:				
Eigið fé 1. janúar 2012.....	5.902.733	12.293.653	(5.734.504)	12.461.882
Heildarhagnaður tímabilsins.....			235.585	235.585
Upplausn endurmats fært á ójafnað eigið fé.....		(284.777)	284.777	0
Eigið fé 30. júní 2012.....	<u>5.902.733</u>	<u>12.008.876</u>	<u>(5.214.142)</u>	<u>12.697.467</u>

Skýringar nr. 1 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2012

	Skýr.	1.1.-30.6.2012	1.1.-30.6.2011
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		2.946.136	2.996.534
Afskriftir	10	1.231.632	1.233.568
Sölutap (-hagnaður) fastafjármuna		675	(144)
Fyrirframinntekjur, breyting		(3.425)	0
Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða		4.175.018	4.229.958
Rekstrartengdar eignir, (hækkun) lækkun		(68.765)	151.187
Rekstrartengdar skuldir, lækkun		(71.998)	(124.970)
Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða		4.034.255	4.256.175
Innborgaðar vaxtatekjur		23.400	41.767
Greidd vaxtagjöld og gengismunur		(1.942.295)	(1.845.080)
Handbært fé frá rekstri		2.115.360	2.452.862
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í flutningsvirkjum	13	(775.323)	(226.881)
Aðrar fjárfestingar	13,14	(216.329)	(142.831)
Söluverð rekstrarfjármuna		14.624	374.460
Lækkun hlutafjár í hlutdeildarfélagi	16	0	7.741
Greiddur arður frá hlutdeildarfélagi		1.548	0
Langtímakröfur, breyting		3.493	0
Ógreiddur framkvæmdakostnaður, lækkun		(28.818)	(97.779)
Fjárfestingahreyfingar		(1.000.805)	(85.290)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skuldir við móðurfélag, breyting	22	(3.657.360)	0
Afborgun annarra lána		(66.085)	(66.486)
Fjármögnunarhreyfingar		(3.723.445)	(66.486)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(2.608.890)	2.301.086
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		220.610	(15.007)
Handbært fé í ársbyrjun		10.510.666	4.255.901
Handbært fé í lok tímabilsins		8.122.386	6.541.980

Skýringar nr. 1 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Skýringar

1. Félagið

Landsnet hf. er með starfstöðvar sínar á Íslandi og er félagið með lögheimili að Gylfaflöt 9, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsvirkjunar og er árshlutareikningurinn hluti af samstæðureikningi Landsvirkjunar. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti á vormánuðum 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum eða öðrum lögum. Á fyrri hluta árs 2012 hóf Landsnet að annast útgáfu upprunaábyrgða á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum skv. heimild í II. kafla laga um upprunaábyrgð, nr. 30/2008.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Landsnets hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa árshlutareikninginn í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2011. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.landsnet.is.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2011.

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að flutningsnet félagsins er fært á endurmetnu virði.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

5. Starfspáttayfirlit

Samkvæmt raforkulögum er félaginu einungis heimilt að annast flutning á raforku og kerfisstjórnun á Íslandi auk þess sem því er heimilt að starfrækja raforkumarkað. Félagið hefur ekki hafið starfrækslu raforkumarkaðar og lítur á núverandi starfsemi sem einn starfspátt og því er ekki gert starfspáttayfirlit.

6. Tekjur af raforkuflutningi

	2012	2011
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Orkuflutningur	5.458.781	5.272.667
Flutningstap og kerfisþjónusta	595.206	690.707
Þjónustutekjur og jöfnunarorka	13.683	9.481
Innmötunargjald	41.017	41.017
Tekjur af raforkuflutningi samtals	6.108.687	6.013.872

7. Aðrar tekjur

Verksölutekjur	22.251	26.435
Húsaleigutekjur	4.129	2.924
Tekjur vegna upprunaábyrgða og vottana	22.913	0
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	0	144
Aðrar tekjur samtals	49.293	29.503

8. Orkukaup og kerfisþjónusta

Orkukaup vegna flutningstapa	425.759	458.137
Kerfisþjónustukaup	215.941	206.231
Önnur orkukaup	3.046	16.552
Orkukaup og kerfisþjónusta samtals	644.746	680.920

Skýringar, frh.:

	2012	2011
9. Laun og launatengd gjöld		
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Laun	466.412	411.236
Launatengd gjöld	143.404	131.747
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>609.816</u>	<u>542.983</u>
Laun og launatengd gjöld skiptast þannig:		
Rekstur flutningskerfis	233.369	197.438
Kerfisstjórn	217.400	197.766
Annar rekstrarkostnaður	159.047	147.779
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>609.816</u>	<u>542.983</u>
10. Afskriftir		
Afskriftir greinast þannig:		
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 13	1.209.553	1.203.656
Afskriftir og virðisrýrnun óefnislegra eigna, sbr. skýringu 14	22.079	29.912
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>1.231.632</u>	<u>1.233.568</u>
Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:		
Rekstur flutningskerfis	1.143.023	1.145.934
Kerfisstjórn	27.061	19.892
Annar rekstrarkostnaður	61.548	67.742
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>1.231.632</u>	<u>1.233.568</u>
11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankareikningum	21.572	10.745
Gengismunur	78.899	0
Tekjur af verðbréfaeign	1.828	31.022
Fjármunatekjur samtals	<u>102.299</u>	<u>41.767</u>
Vaxtagjöld og verðbætur	(2.769.575)	(2.522.784)
Gengismunur	0	(832.913)
Áhrif núvirðingar niðurrifsskuldbindingar	(18.819)	127.631
Eignfærðir vextir vegna flutningsvirkja í byggingu	38.946	21.734
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(2.749.448)</u>	<u>(3.206.332)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(2.647.149)</u>	<u>(3.164.565)</u>
Eignfærður fjármagnskostnaður nam 9,8% af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu og undirbúningsverkefnum á tímabilinu.		
12. Tekjuskattur		
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:		
Frestaður tekjuskattur tímabilsins	(58.896)	33.141
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>(58.896)</u>	<u>33.141</u>
Breyting reiknaðrar skattskuldbindingar greinist þannig:		
Breyting á tímabundnum mismun	146.694	(93.690)
Breyting á yfirfæranlegu tapi	(205.590)	126.831
Breyting reiknaðrar skattskuldbindingar færð í rekstrarreikning	<u>(58.896)</u>	<u>33.141</u>
Afstemming á virku skatthlutfalli	1.1.-30.6.2012	1.1.-30.6.2011
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	294.481	(165.707)
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli	20,0% (58.896)	20,0% 33.141
Virkur tekjuskattur	20,0% <u>(58.896)</u>	20,0% <u>33.141</u>

Skýringar, frh.:

13. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2011	22.266.226	47.587.240	2.902.435	72.755.901
Viðbætur á árinu	108.022	101.794	220.552	430.368
Millifært	(196.372)	196.372	0	0
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	488.231	179.844	0	668.075
Selt og aflagt	0	(732.960)	(987)	(733.947)
Staða 31.12.2011	22.666.107	47.332.290	3.122.000	73.120.397
Viðbætur á tímabilinu	116.043	20.981	150.765	287.789
Selt og aflagt	0	0	(12.316)	(12.316)
Staða 30.6.2012	22.782.150	47.353.271	3.260.448	73.395.870
Afskriftir og virðisrýrnun				
Staða 1.1.2011	3.263.976	6.736.916	599.053	10.599.945
Afskriftir ársins	751.760	1.544.455	132.415	2.428.630
Millifært	(7.579)	7.579	0	0
Selt og aflagt	0	(94.916)	(670)	(95.586)
Staða 31.12.2011	4.008.157	8.194.034	730.798	12.932.989
Afskriftir tímabilsins	381.847	752.265	75.441	1.209.553
Selt og aflagt	0	0	(9.741)	(9.741)
Staða 30.6.2012	4.390.004	8.946.299	796.498	14.132.801
Bókfært verð				
1.1.2011	19.002.250	40.850.324	2.303.382	62.155.956
31.12.2011	18.657.950	39.138.256	2.391.202	60.187.407
30.6.2012	18.392.146	38.406.972	2.463.950	59.263.068
Bókfært verð án endurmats				
1.1.2011	16.254.195	27.682.918	2.303.382	46.240.495
31.12.2011	16.025.423	26.567.291	2.391.202	44.983.916
30.6.2012	15.817.843	26.133.755	2.463.950	44.415.548

Endurmat fastafjármuna í rekstri

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method). Þessar eignir voru síðast endurmetnar á árinu 2008.

Flutningsvirki í byggingu:

	Flutn.virki í byggingu
Kostnaðarverð	
Staða 1.1.2011	425.541
Viðbætur á árinu	518.809
Flutt á rekstrarfjármuni	(668.075)
Staða 31.12.2011	276.275
Viðbætur á tímabilinu	638.299
Selt og aflagt	(5.472)
Staða 30.6.2012	909.102

Skýringar, frh.:

14. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Undirbúnings- kostnaður	Hugbúnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2011	1.339.669	381.774	1.721.443
Viðbætur á árinu	149.317	4.490	153.807
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(56.233)	0	(56.233)
Selt og aflagt	(85.577)	0	(85.577)
Staða 31.12.2011	1.347.176	386.264	1.733.440
Viðbætur á tímabilinu	60.470	5.094	65.564
Selt og aflagt	(7.252)	0	(7.252)
Staða 30.6.2012	1.400.394	391.358	1.791.752
Afskriftir og virðisrýrnun			
Staða 1.1.2011	126.950	192.735	319.685
Afskriftir og virðisrýrnun ársins	85.464	52.354	137.818
Staða 31.12.2011	212.414	245.089	457.503
Afskriftir tímabilsins	0	22.079	22.079
Staða 30.6.2012	212.414	267.168	479.582
Bókfært verð			
1.1.2011	1.212.719	189.039	1.401.758
31.12.2011	1.134.762	141.175	1.275.937
30.6.2012	1.187.980	124.190	1.312.170

15. Eignarhlutur í dótturfélagi

Eignarhlutur í dótturfélagi greinist þannig:

	30.6.2012		31.12.2011	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Landsnet ehf.	100,00%	500	100,00%	500

Eignarhlutur félagsins í Landsneti ehf. er færður á kostnaðarverði þar sem engin rekstur hefur verið í félaginu frá stofnun.

16. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	1.1. - 30.6.2012	30.6.2012	31.12.2011
		Afkomu- hlutdeild	Bókfært verð	Bókfært verð
Orkufjarskipti hf.	50,00%	(3.413)	624.422	627.835
Netorka ehf.	38,71%	(1.093)	46.300	48.942
Eignarhlutir í félögum samtals		(4.506)	670.722	676.777

17. Birgðir

Birgðir félagsins eru varahlutir og efnisbirgðir.

Skýringar, frh.:

18. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	30.6.2012	31.12.2011
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	531.384	500.695
Aðrar skammtímakröfur	219.237	145.730
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	<u>750.621</u>	<u>646.425</u>

19. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

Óbundnar innstæður	7.865.641	10.242.916
Markaðsverðbréf	256.745	267.750
Handbært fé samtals	<u>8.122.386</u>	<u>10.510.666</u>

20. Eigið fé

Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.903 millj. kr. í lok tímabilsins. Félagið á engin eigin bréf. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningur félagsins samanstendur af endurmatshækkun rekstrarfjármuna félagsins að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og jafnframt millifærðar af endurmatsreikningi á ójafnað eigið fé.

21. Hagnaður (tap) á hlut

Grunnhagnaður (-tap) og þynntur hagnaður (tap) á hlut:	30.6.2012	30.6.2011
Hagnaður (tap) til hluthafa	<u>235.585</u>	<u>(132.566)</u>
Vegið meðaltal hlutabréfa		
Hlutir 1. janúar	<u>5.902.733</u>	<u>5.902.733</u>
Vegið meðaltal útistandandi hluta í lok tímabils	<u>5.902.733</u>	<u>5.902.733</u>
Grunnhagnaður (-tap) og þynntur hagnaður (-tap) á hlut	0,04	(0,02)

22. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Langtímaskuldir

Verðtryggt skuldabréfalán frá móðurfélagi (ISK)	42.261.177	40.828.055
Skuldir við móðurfélag í bandaríkjadöllum (USD)	0	3.558.590
Lánasamningur í svissneskum frönskum (CHF)	7.718.937	7.657.983
Verðtryggt skuldabréfalán (ISK)	5.293.905	5.175.789
	<u>55.274.019</u>	<u>57.220.417</u>
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(911.553)	(4.073.121)
	<u>54.362.466</u>	<u>53.147.296</u>

Skammtímaskuldir

Skammtímalán frá móðurfélagi vegna áfallinna vaxta	497.200	1.347.270
Lánasamningur við móðurfélag í USD sem er hluti af næsta árs afborgun	0	3.558.590
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals	<u>497.200</u>	<u>4.905.860</u>
Þar af fært meðal næsta árs afborgunar	0	(3.558.590)
Skammtímalán við móðurfélag	<u>497.200</u>	<u>1.347.270</u>

Skýringar, frh.:

22. Vaxtaberandi skuldir, frh.:

Vaxtakjör af lánum félagsins eru frá 0,4% til 5%.

Félagið var með í upphafi árs lánasamning í bandaríkjadöllum við móðurfélagið. Lánsheimildin nam USD 50 millj. og voru nýttar USD 29 millj. þar til í júní 2012, þegar félagið greiddi lánið að fullu og lánasamningnum var lokað.

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:	30.6.2012	31.12.2011
1.7.2011 - 30.6.2012 / 1.1.2011 - 31.12.2011	911.553	4.073.121
1.7.2012 - 30.6.2013 / 1.1.2012 - 31.12.2012	918.623	904.094
1.7.2013 - 30.6.2014 / 1.1.2013 - 31.12.2013	926.051	911.096
1.7.2014 - 30.6.2015 / 1.1.2014 - 31.12.2014	933.855	918.451
1.7.2015 - 30.6.2016 / 1.1.2015 - 31.12.2015	942.055	926.179
Síðar	50.641.882	49.487.476
	<u>55.274.019</u>	<u>57.220.417</u>

23. Tekjuskattskuldbinding

Tekjuskattskuldbinding félagsins greinist þannig:

Tekjuskattskuldbinding 1. janúar	1.607.613	1.397.656
Tekjuskattur tímabilsins	58.896	209.957
Tekjuskattskuldbinding í lok tímabilsins	<u>1.666.509</u>	<u>1.607.613</u>

Tekjuskattskuldbinding greinist þannig í lok tímabilsins:

Rekstrarfjármunir	2.846.945	2.945.402
Undirbúningskostnaður	176.907	154.274
Eignarhlutir í félögum	3.861	5.072
Aðrar skuldbindingar	(223.076)	(153.417)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(1.138.128)	(1.343.718)
Tekjuskattskuldbinding í lok tímabilsins	<u>1.666.509</u>	<u>1.607.613</u>

24. Skuldbinding vegna niðurrifs

Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:

Staða 1.1.	696.081	752.523
Núvirðing tímabilsins	18.819	(56.442)
Staða í lok tímabilsins	<u>714.900</u>	<u>696.081</u>

Í samræmi við staðal IAS 16 skal stofnverð rekstrarfjármuna innifela áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Áætlaður niðurrifskostnaður lína hefur verið metinn og síðan núvirtur byggt á forsendum um endingartíma. Á móti hefur verið færð upp skuldbinding meðal langtímaskulda. Í rekstrarreikning er færð til gjalda hækkun á skuldbindingunni vegna núvirðingar auk afskrifta á niðurrifskostnaði.

25. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru vegna tengigjalda sem raforkukaupendur hafa greitt félaginu. Þær námu í lok tímabilsins 132 millj. kr. Sá hluti fyrirframinnheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda. Tekjufærð tengigjöld á tímabilinu námu 3,4 millj. kr.

26. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins reiknar í lok hvers árs áfallna lífeyrisskuldbindingu félagsins sem myndast hefur á því ári. Tryggingafræðilegt mat miðast við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%. Á tímabilinu eru gjaldfærðar 9,1 millj. kr. vegna þessa.

Skýringar, frh.:

27. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	30.6.2012	31.12.2011
Viðskiptaskuldir	558.651	770.410
Aðrar skammtímaskuldir	560.022	446.011
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>1.118.673</u>	<u>1.216.421</u>

28. Fjármálagerningar

Lausafjárhætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

30. júní 2012

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan 12 mánaða	1-2 ár	2-5 ár	Eftir 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Skuldir við						
móðurfélag ...	42.758.377	56.494.742	1.779.197	1.779.197	5.337.587	47.598.761
Langtímask. .	13.012.842	17.055.449	1.214.715	1.209.837	3.640.783	10.990.114
Viðskiptask. og aðrar skt.sk.	1.118.673	1.118.673	1.118.673	0	0	0
	<u>56.889.892</u>	<u>74.668.864</u>	<u>4.112.585</u>	<u>2.989.034</u>	<u>8.978.370</u>	<u>58.588.875</u>

31. desember 2011

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan 12 mánaða	1-2 ár	2-5 ár	Eftir 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Skuldir við						
móðurfélag ...	45.733.915	60.031.225	5.452.282	1.718.861	5.156.583	47.703.499
Langtímask. .	12.833.772	17.012.224	805.305	1.190.909	3.632.129	11.383.881
Viðskiptask. og aðrar skt.sk.	1.216.421	1.216.421	1.216.421	0	0	0
	<u>59.784.108</u>	<u>78.259.870</u>	<u>7.474.008</u>	<u>2.909.770</u>	<u>8.788.712</u>	<u>59.087.380</u>

29. Rekstrarleiga

Félagið sem leigutaki

Félagið er með á leigu hluta af flutningsvirkjum innlendra orkufyrirtækja. Leigusamningarnir eru ótímasettir og er útreikningur leiguverðs undir eftirliti Orkustofnunar.

30. Óuppgerð tekjumörk

Með lögum nr. 19/2011 voru gerðar nokkrar grundvallarbreytingar á raforkulögunum er sneru að tekjumörkum félagsins frá og með árinu 2011. Breytingarnar voru þær helstar að tímabil tekjumarka var lengt í fimm ár, arðsemi skilgreind út frá vegnum fjármagnskostnaði, eignagrunni vegna stórnotenda breytt í bandaríska dollara (USD), auk þess sem tekið var tillit til arðsemi veltufjármuna. Áður var arðsemi félagsins bundin 5 ára óverðtryggðum ríkisskuldabréfum og ákvörðuð sú sama fyrir báða tekjuramma, stórnotendur og dreifiveitur. Samkvæmt núgildandi lögum eru mismunandi arðsemismörk fyrir tekjumörk stórnotenda og dreifiveitna. Tekjumörk skulu sett eigi síðar en 15. september árið áður en ný tekjumörk taka gildi.

30. Óuppgerð tekjumörk frh.:

Bráðabirgðaniðurstöður um arðsemisviðmið voru fyrst birtar félaginu í byrjun árs 2012 af fag nefnd sem Orkustofnun tilnefndi á grundvelli laganna. Arðsemisviðmiðið er grundvallarþáttur í setningu tekjumarka og þar með hverjar heimilaðar tekjur félagsins eru. Bráðabirgðaniðurstöðurnar hafa frá þeim tíma verið til umfjöllunar hjá hagsmunaaðilum. Þann 12. júlí 2012 sendi Orkustofnun hagsmunaaðilum drög að ákvörðun um arðsemisviðmið, sem gilda skulu frá 1. janúar 2011, byggða á niðurstöðum fag nefndarinnar frá 5. júlí síðastliðnum. Andmælaréttur vegna fyrirhugaðrar ákvörðunar Orkustofnunar er til 15. ágúst 2012.

Í a-lið 12. gr. í raforkulögum kemur fram að; „Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 12. gr. Gjaldskráin skal gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda sem skal ákvörðuð í bandaríkjadöllum.“ Tekjumörk fyrir árin 2011 – 2015 hafa ekki verið sett fyrir félagið. Vegna þess og vegna tafa sem urðu við ákvörðun arðsemisviðmiða hefur ríkt óvissa um gjaldskrár félagsins frá upphafi árs 2011 og þar með um stöðu tekjumarka frá sama tíma. Veldur þetta nokkurri óvissu um rekstrarniðurstöðu tímabilsins.

Uppgjör árána 2006-2010

Tekjur umfram tekjumörk

Frá árinu 2005 og fram í ágúst 2007 voru tekjur og tekjumörk Landsnets fyrir dreifiveitur og stórnotendur í íslenskum krónum. Í ágúst 2007 var, að fengnu samþykki Orkustofnunar, gjaldskrá stórnotenda færð yfir í bandaríkjadali (USD) og var það í samræmi við hagsmuni þeirra notenda sem hafa þá starfrækslumynt. Á þeim tíma var ákveðið að breyta ekki tekjumörkum stórnotenda í samræmi við breyttan gjaldskrárgrunn.

Stórnotendur

Í kjölfar hrns í íslensku efnahagslífi og gengisfalls íslensku krónunnar á árinu 2008 jukust tekjur Landsnets vegna stórnotenda verulega í íslenskum krónum. Löggjafinn sýndi vilja til að takast á við þann vanda sem þetta olli í umhverfi tekjumarka og breyta lagaumhverfinu þannig að tekjumörk fyrir stórnotendur yrðu sett í sama gjaldmiðli og gjaldskráin. Með lögum nr. 19/2011 var eignagrunni sem grundvallar arðsemi og afskriftir í tekjumörkum stórnotenda breytt yfir í USD. Samkvæmt ákvörðun Orkustofnunar um tekjumörk árána 2006-2010 eru ofteknar tekjur Landsnets vegna stórnotenda 3,4 milljarðar kr.

Dreifiveitur

Samkvæmt ákvörðun Orkustofnunar um tekjumörk árána 2006-2010 eru ofteknar tekjur Landsnets vegna dreifiveitna 1,5 milljarðar kr. Ágreiningur er á milli Landsnets og Orkustofnunar um þá arðsemiskröfu sem nota skuli við ákvörðun tekjumarka fyrir dreifiveitur á árunum 2006 – 2009 og hvernig túlka skuli bráðabirgðaákvæði raforkulaga er það varðar. Landsnet hefur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til að fá úr því skorið hvernig skýra beri umrætt bráðabirgðaákvæði raforkulaga sem hefur gildi fyrir árin 2006 – 2009. Niðurstaða í því ágreiningsmáli liggur ekki fyrir, en að mati Landsnets er ekki um ofteknar tekjur að ræða vegna umrædds tímabils.

Fjárhæðir

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 19/2011 er kveðið á um að ef um ofteknar tekjur vegna fyrri ára sé að ræða skuli Landsnet hf. setja gjaldskrá sína þannig að að ofteknar tekjur nemi ekki meira en 10% af tekjumörkum í árslok 2020. Ekki er gert ráð fyrir að umrædd staða sé vaxtareiknuð eða verðbætt. Á grundvelli framangreinds lækkaði Landsnet gjaldskrár til stórnotenda í byrjun júní 2011 um 5%.

Eins og fram kemur hér á undan er óvissa um hver heildarfjárhæð tekna umfram tekjumörk vegna árána 2006 til 2011 er. Miðað við fyrirliggjandi gögn er um að ræða heildarfjárhæð á bilinu 3,4 til 4,9 milljarðar kr. án tillits til núvirðingar, sem myndi lækka skuldbindinguna nokkuð. Að teknu tillit til arðsemisviðmiða sem lögð hafa verið fram er núvirt fjárhæð samsvarandi skuldbindingar, miðað við jafna endurgreiðslu á 10 árum, 2,4 til 3,3 milljarðar kr. Óvissuatriði eru nokkur, þ.e. fjárhæð tekjumarka 2011 og 2012, áhrif núvirðingar, framkvæmd lækunar gjaldskrár, þ.e. línuleg eða á annan hátt. Ákvæði laga nr. 19/2011 gera ekki kröfu til Landsnets um að afhenda reiðufé eða aðrar eignir vegna oftekinna tekna né setur löggjafinn kröfu um að félagið afhendi viðbótarþjónustu án endurgjalds, heldur skuli oftaka tekna leiðrétt með almennum breytingum á flutningsgjaldsskrá á næstu tíu árum. Með hliðsjón af fjárhagsstöðu félagsins og rekstraráætlunum næstu ára er það mat stjórnenda að ofangreind óvissa muni ekki hafa áhrif á greiðslugetu félagsins.

Skýringar, frh.:

30. Óuppgerð tekjumörk frh.:

Á grundvelli framangreindra upplýsinga, ákvæða laga um endurgreiðslu oftekinna tekna og ákvæða alþjóðlegra reikningsskilastaðla eru í reikningsskilum Landsnets fyrir tímabilið janúar-júní 2012 ekki færð nein áhrif vegna uppgjörðs tekjumarka 2006-2011.

31. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar, móðurfélag, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Viðskipti við tengda aðila

	1.1.-30.6.2012	1.1.-30.6.2011
Sala á vöru og þjónustu:		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	3.392.858	3.234.235
Aðrir hluthafar	2.114.677	1.902.137
Hlutdeildarfélag Landsnets	3.117	552
	<u>5.510.652</u>	<u>5.136.924</u>
Kostnaður:		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	527.471	580.574
Aðrir hluthafar	177.409	233.585
Hlutdeildarfélag Landsnets	81.803	42.365
	<u>786.683</u>	<u>856.524</u>

Auk kostnaðar hér að ofan greiddi félagið móðurfélagi sínu vaxtagjöld að fjárhæð 1.768 millj. kr. vegna skuldabréfa en til samanburðar voru vaxtagjöld að fjárhæð 1.730 millj. kr. greidd vegna fyrstu 6 mánaða ársins 2011.

Staða

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	30.06.2012		31.12.2011	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	549.372	0	578.827	0
Aðrir hluthafar	352.390	0	313.717	(6.491)
	<u>901.762</u>	<u>0</u>	<u>892.544</u>	<u>(6.491)</u>

Aðrar kröfur og skuldir við tengda aðila greinast þannig:

	30.6.2012	31.12.2011
Vaxtaberandi skuldir við móðurfélag, sbr. skýringu 22	42.261.177	44.386.645
Áfallnir vextir við móðurfélag	497.200	1.347.270
	<u>42.758.377</u>	<u>45.733.915</u>

32. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

Rekstur:	1.1.-30.6.2012	1.1.-30.6.2011
EBITDA	4.177.768	4.357.733
Efnahagur:	30.6.2012	31.12.2011
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	3,92	1,84
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	17,6%	16,7%
Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli	3,8%	7,2%